

5. nov 1995

1

LÖG SAMTAKA UM KVENNALISTA

1. gr.

Samtökin heita Samtök um kvennalista, hér eftir nefnd Kvennalistinn. Lögheimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Markmið Kvennalistans er að:

- a) auka áhrif kvenna í samféluginu,
- b) vekja umræðu um stöðu kvenna,
- c) beita sér fyrir bættum kjörum kvenna,
- d) stuðla að því að viskuforði og reynsla kvenna verði nýtt í þágu betra samfélags,
- e) konur, karlar og börn njóti sambærilegra réttinda þar sem menning beggja kynja fái að njóta sín og kynferði hindrar engan í að sinna þeim störfum sem hugur stendur til.

3. gr.

Markmiðum þessum hyggst Kvennalistinn ná m.a. með því að bjóða fram til Alþingis og sveitarstjórna.

4 gr.

Kvennalistinn er opinn öllum sem styðja markmið hans enda greiði þeir félagsgjöld. Allir fundir eru félögum opnir nema félagsfundir viðkomandi anga ákveði annað.

5. gr.

Innan Kvennalistans starfa angar. Lögheimili og varnarþing þeirra eru kjördæmin. Séu fleiri en eitt lögsagnarumdæmi innan hvers kjördæmis ákveður hver angí heimili sitt og varnarþing. Í stórum kjördæmum getur angí starfað í minni einingum. Innan Kvennalistans koma þessar einingar fram sameiginlega sem einn angí. Endanleg ákvörðun er í höndum félagsfundar.

6. gr.

Framkvæmdaneftnd starfar innan hvers anga. Félagsfundur ákveður nánar hvernig skipað er í hana og mótar starfshætti.

7. gr.

Kvennalistinn hefur framkvæmdaráð sem sér um daglegan rekstur samtakanna.

8. gr.

Endalega ákvörðun í málefnum Kvennalistans er í höndum landsfundar. Á milli landsfunda er hún í höndum samráðs.

9. gr.

Framkvæmdaráð boðar samráð og undirbýr fundi þess. Halda skal samráðsfund ef angí óskar þess.

10. gr.

Í samráði eiga sæti tveir fulltrúar frá hverjum anga, þingkonur samtakanna og jafnmargar varaþingkonur.

11. gr.

Samráð kemur saman svo oft sem þurfa þykir, þó aldrei sjaldnar en tvívar á ári.

12. gr.

Landsfundarnefnd undirbýr landsfund. Samráð ákveður dagskrá landsfundar í samráði við landsfundarnefnd Kvennalistans. Hver angí tilnefnir tengil við landsfundarnefnd. Dagskrá landsfundar skal send út eigi síðar en tveim vikum fyrir landsfund.

13. gr.

Landsfund skal halda fyrir 15. nóvember ár hvert. Einnig skal halda landsfund sé þess óskað af 1/3 hluta félaga. Fundarboð til landsfundar skulu send til framkvæmdanefndna anganna a.m.k. 4 vikum fyrir fund.

14. gr.

Reikningsár skal vera frá 1. september til 31. ágúst. Endurskoðaðir reikningar Kvennalistans skulu lagðir fyrir landsfund til sampykktar. *þr. dagr.*

15. gr.

Landsfundur skal kjósa two endurskoðendur reikninga Kvennalistans sem starfa fram að næsta landsfundi.

16. gr.

Í atkvæðagreiðslu á landsfundi, sem og á öðrum fundum Kvennalistans, ræður einfaldur meirihluti fundarmanna.

17. gr.

Tillögur um breytingar á lögum samtakanna skal senda til framkvæmdaráðs með rökstuddri greinargerð a.m.k. 6 vikum fyrir landsfund. Breytingartillaga skal birt orðrétt í fundarboði landsfundarnefndar. Til þess að breyta lögum þessum þarf 2/3 hluta atkvæða á landsfundi.

18. gr.

Ákvörðun um slit samtakanna skal tekin af tveimur landsfundum í röð. Til sampykktar þarf 2/3 hluta atkvæða á báðum fundum. Seinni landsfundur skal ákveða um ráðstöfun eigna samtakanna.

Sampykkt á landsfundi 5. nóvember 1995.